


Rjúpnasalir 14

Kópavogi



Akrítekt: Guðmundur Gunnlaugsson

Berið saman verð, gæði og frágang



Vandað hús á fallegum útsýnisstað

Garður verður fullfrágenginn með trjágróðri

Sjónvarpsdyrasími í öllum íbúðum

Sjálfvirkir hurðaoopnarar á aðalhurð

Hafið samband við söluaðila og fáið sendan bækling.


Skoðið teikningar af húsunum á www.fjarfest.is

Áklætt lyftuhús

Sérlega glæsilegt 14 hæða lyftuhús auk þakíbúðar á 15. hæð. Rúmgóðar íbúðir með vönduðum innréttingum, upphengt salerni, sjónvarpsdyrasími, síma- og sjónvarpstengi í öllum herbergjum. Þvottahús verður í hverri íbúð og borðkrókur við glugga. Íbúðirnar eru ýmist með suður- eða vestursvölum.



Hér má sjá innréttingar sambærilegar þeim er verða í Rjúpnasölum 14.



Söluaðili:

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Borgartúni 31
Sími 562 4250



Fréttabréf Lindasóknar

3. tbl. 2. árg. haust 2003

Áb.: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson sími 864 0554

Safnaðarheimili Uppsölum 3 sími 544 4477 • netfang: gudmundurkarl@kirkjan.is



GOSPELMESSA Í GLERSALNUM

Næstkomandi sunnudag 12. október kl. 20 verður helgihaldið með örlítið breyttu sniði frá því sem verið hefur í Lindasókn þetta haustið. Um morguninn verður að venju sunnudagaskóli í Lindaskóla en um kvöldið verður haldin Gospelmessa í Glersalnum við Salaveg (í sama húsi og Nettó, inngangur bakatil inn í lyftu og upp í sal). Salurinn er allur hinn glæsilegasti og hentar vel fyrir samkomur af þessu tagi. Um tónlistarflutning sér Kór Lindakirkju ásamt Hannesi Baldurssyni organista. Leynigestur kvöldsins verður ung söngkona sem örugglega á eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni. Allir eru velkomnir og aðgangur er að sjálfsgöðu ókeypis.



KFUM & K

Lindasókn er í samstarfi við KFUM & K um æskulýðsstarf fyrir eldri börn og unglunga. Unglingarnir (9. og 10. bekkur) hittast á miðvikudagskvöldum kl. 20 í Safnaðarheimilinu, Húsinu á sléttunni. Yngri börnin (8-12 ára) hittast á sama stað á föstudögum kl. 15. Hinn margfrægi Lundúnastrætisvagn ekur um hverfið og sækir börnin áður en starfið hefst.



Fermingarstarfið

Fermingarfræðsla er komin á fullt skrið í Lindasókn og hófst með fermingarnámskeiði í Vatnaskógi 11.-12. september síðastliðinn. Fermingarbörnin mæta í fræðslutíma hjá sóknarpresti í Safnaðarheimilið hálfmánaðarlega og sitja tvær kennslustundir í senn. Auk þess taka þau þátt í undirbúningi guðsþjónustu bæði fyrir og eftir jól. Bráðlega verða börnin heimsótt í fermingartíma af ungu fólki frá Kenýa sem mun fræða þau um lífið þar heima fyrir. Þetta er liður í söfnun sem fermingarbörnin í Lindasókn munu taka þátt í ásamt fermingarsystkinum sínum um allt land þann 4. nóvember. Söfnun fermingarbarnanna er til styrktar jafnöldrum þeirra sem búa við bág kjör suður í Afríku. Fólk er hvatt til að taka vel á móti fermingarbörnunum þann 4. nóvember.



OFFSET
FJÖLRITUN
562 7890

INGI
HÓPFERÐIR
55 444 66





Vísitasía prófasts

Sunnudaginn 5. október vísiteraði sr. Gísli Jónasson prófastur í Reykjavíkurprófastdæmi eystra Lindasöfnuð. Heimsóknin hófst með því að prófastur hitti sóknarnefnd og starfsmenn kirkjunnar á fundi, því næst átti hann fund með sóknarpresti og loks þjónaði prófastur ásamt honum við guðsþjónustu í Lindaskóla eins og áður sagði. Að lokinni guðsþjónustu var gert stutt hlé en eftir það haldinn almennur safnaðarfundur með prófasti. Á þeim fundi spunnust fjörugar umræður m.a. um fyrirhugaða kirkjubyggingu í Lindasókn og um samband ríkis og kirkju.

Myndir úr starfinu



Skírnir

Þórdís Káradóttir var skírð heima í Dynsölum 6 á annan í páskum. Foreldrar hennar eru Kristín Sigurðardóttir og Kári Hreinsson. Stóri bróðir Þórdísar er Dagur tveggja ára.

Hulda Ólafía Sigurðardóttir var skírð heima í Skjólssölum 11 þann 11. maí síðastliðinn. Foreldrar hennar eru Sigurður Vignir Guðmundsson og Þórdís Guðmundsdóttir. Hulda Ólafía á stóra 11 ára systur sem heitir Valgerður.

Rakel Kara Hallgrímsdóttir var skírð heima í Kórsölum 1 þann 18. maí. Hún er fyrsta barn foreldra sinna, Svanfríðar Óskar Svansdóttur og Hallgríms Hallgrímssonar.

Daníel Snær Eypórsen var skírður heima í Hlynsölum 2 þann 21. maí. Hann er þriðja barna hjónanna Torfhildar Sigurðardóttur og Eypórs Ragnarssonar. Eldri systkini Daníels Snæs eru Ragnar 10 ára og Rakel 5 ára.

Allan Fernando Helgason var skírður 15. júní í Digraneskirkju. Foreldrar hans eru Maria Consuelo Peralta og Helgi Magnússon. Eldri bróðir Allans Fernando er Andrés Daníel sem er alveg að verða 4 ára. Fjölskyldan býr í Fjallalind 52.

Jón Þór Jóhannsson var einnig skírður í Digraneskirkju þann 15. júní síðastliðinn. Hann er fyrsta barn hjónanna Þórunnar Marínósdóttur og Jóhanns Þórs Jónssonar. Þau búa í Goðasölum 10.

Hildur Gunnarsdóttir var skírð heima í Sólarölum 2 þann 10. ágúst. Foreldrar hennar eru Silja Rún Guðmundsdóttir og Gunnar Sverrir Gunnarsson. Eldri systir Hildar er Vigdís 3 ára.

Ásdís Birta Björnsdóttir var skírð 17. ágúst heima í Dynsölum 16. Foreldrar hennar eru Hanna Guðfína Benediksdóttir og Björn Ásgeir Björnsson. Ásdís Birta á eldri systur sem heitir Silva Bentína og er alveg að verða 3 ára.

Tvíburarnir **Sverrir og Óskar Hákonarsynir** voru skírðir í Kópavogskirkju 4. september. Foreldrar þeirra eru Sigurrós Óskarsdóttir og Hákon Sverrisson. Steinar, stóri bróðir Sverris og Óskars er 2 ára.

Ellen Sól Kristjánsdóttir var skírð í fyrstu messu vetrarins í Lindaskóla. Hún er fjórða barn hjónanna Guðmundu Áskeldsdóttur og Kristjáns Þórs Jónssonar. Eldri systkini Ellenar Sólar eru Bylgja Dögg 14 ára, Lovísa Mjöll 11 ára og Veigar Freyr 9 ára.

Hrafninn Njálisdóttir var skírð heima í Krossalind 15 þann 13. september. Hún er dóttir hjónanna Hrefnu Sigurbjargar Jóhannsdóttur og Njáls Skarphéðinssonar. Eldri systkini Hrafninnu eru Kjartan Hreinn 15 ára, Skarphéðinn 13 ára og Illugi 3 ára.

Kristján Elí Gunnlaugsson var skírður 28. september. Hann er fyrsta barn þeirra Karenar Huldu Kristjánsdóttur og Gunnlaugs Hjartar Gunnlaugssonar. Fjölskyldan býr í Galtalind 11.

Brynjar Dagur Sighvatsson var skírður heima í Fjallalind 63 þann 28. september. Hann er sonur Hólmsfríðar Guðmundsdóttur og Sighvats Bjarnasonar. Eldri bróðir Brynjars Dags er Fannar Freyr sex ára.

Brynjar Karl Guðmundsson var skírður í guðsþjónustu í Lindaskóla af sr. Gísla Jónassyni prófasti. Brynjar Karl er sonur hjónanna Kamillu Hildar Gísladóttur og Guðmundar Karls Brynjarssonar sóknarprests. Eldri systkini Brynjars Karls eru Kristín Gyða 8 ára og Felix Arnkell 6 ára.

Fjölskylduferð í Vindáshlíð



Dagana 19.-20. september var bryddað upp á þeirri nýjung í Lindasókn að fara í sérstaka fjölskylduferð á vegum safnaðarins. Farið var í Vindáshlíð í Kjós, þar sem KFUK reka sumarþúðir. Um 40 manns fóru í ferðina og skemmti fólk sér hið besta þrátt fyrir hvassviðri og blautviðri enda aðbúnaður aldeilis frábær í Vindáshlíð. Á föstudagskvöldið var haldin fjörug kvöldvaka þar sem meðal annars kom fram slyngur spilagaldrari og sett var upp leikritið Grísirnir þrír, en söguþráðurinn var spunninn á staðnum við mikla kátínu

viðstaddir. Á laugardagsmorgninum var fyrirlestur fyrir fullorðna fólkið, sem Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur flutti: *Samskipti við börn og unglínga*. Meðan á fyrirlestrinum stóð var boðið upp á söng- og fönðurstund fyrir yngri börnin og Survivor leik í íþróttahúsinu fyrir þau eldri. Eftir hádegis gaft færi á útivist sem var þó á tíðum nöpur en ferðinni lauk með helgistund í kirkju þeirra Hlíðarmeyja. Ferðin tókst afar vel en þeim sem misstu af býðst annað tækifæri til slíkrar ferðar næsta haust.

MUNIÐ!

Guðsþjónustur og sunnudagaskóli á hverjum
sunnudegi í Lindaskóla kl. 11

MÖMMUMOGNAR Í
SAFNAÐARHEIMICINU,
HÚSINU Á SLÉTTUNNI
Á ÞRIÐJUDÖGUM
FRÁ KL. 10-12



Bæjarlind 1 • Sími 544 5566

INN RöMMUN
KÓPAVOGS

Hlíðarsmára 11
Sími 555 7650 • Fax 555 7651



Kópavogsbær